

21. desember 1990

1413

Nr. 542

SAMÞYKKT

um hundahald í Bessastaðahreppi.

1. gr.

Hundahald í Bessastaðahreppi er bannað.

2. gr.

Sveitarstjórn er þó heimilt að veita einstaklingum, búsettum í hreppnum undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- b) Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið, sem sveitarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn og heilbrigðismálaráðherra staðfestir, skal renna til að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í hreppnum, ásamt ábyrgðartryggingu og skal upphæð þess við það miðuð. Þarfahundar á lögbýlum eru undanþegnir gjaldi þessu.
- c) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila sem hefur fult vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í skólahús, matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.
- d) Leyfi fyrir einstökum hundum eru jafnan háð því, að þeir raski eigi eðlilegri ró íbúa hreppsins og séu hvorki þeim né öðrum sem um hreppinn fara, til óþæginda.
- e) Hundaeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða (þ.á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts) svo og fyrirmælum, er heilbrigðisnefnd setur.

3. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skál hundinum komið fyrir, sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu kostnaðar vegna brotsins.

Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekað brot afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

4. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Bessastaðahrepps staðfestist hér með skv. 1. gr. laga nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. desember 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

B 123

Prentsmiðjan Gutenberg hf.